

Umhverfisstofnun

b.t. Agnars Braga Bragasonar og Davíðs Örvars Hanssonar

Sent í tölvupósti á netfangið umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is

Neskaupstað, 26. júlí 2017

Tilvísun: UST201707-065

Efni: Lokun náttúrustaða í Mývatnssveit – UST201707-065 – beiðni um umsögn.

Með bréfi dags. 12. júlí sl. óskuðu Agnar Bragi og Davíð Örvar f.h. Umhverfisstofnunar eftir umsögn Samtaka náttúrustofa um lokun náttúrustaða í Mývatnssveit vegna álags af völdum ferðamanna, aðgerðaleyfis á svæðinu og vegna hættu sem ferðamönnum stafar af sjóðheitum hverum. Náttúrustaðirnir eru Hverir, Leirhnjúkur og Víti við Kröflu. Frestur var gefinn til 19. júlí til að svara erindinu, sem var of knappur tími. Óskað var eftir fresti til að skila inn umsögn. Með tölvupósti dagsettum þann 21. júlí veitti Arna Hjörleifsdóttir hjá Umhverfisstofnun frekari frest til 26. júlí.

Náttúrustofa Norðausturlands hefur farið árlega frá árinu 2013 um svæðið við Víti við Kröflu vegna gróðurvöktunar fyrir Landsvirkjun, oftast í kringum mánaðarmótin júlí – ágúst. Starfsfólk stofunnar hefur því töluverða innsýn í ástand svæðisins þar.

Rétt við Víti er lítið bílastæði sem er alltof lítið miðað við þann ferðamannafjölda sem kemur á svæðið. Bílum er því lagt utan bílastæðis. Gestir ganga síðan að Víti og margir ganga einnig í kringum gíginn. Gönguleiðir eru illa farnar og víða ógreinilegar eða illa afmarkaðar. Það veldur auknu álagi og skemmdum á gróðri og jarðminjum. Einnig er það okkar mat að bílastæðið sé alltof nálægt gígnum. Það bæði dregur úr þeirri náttúruupplifun sem gestir eru að leitast eftir og veldur því að gestir ganga stystu leið og þar með út um allt frá bílastæðinu til að komast að gígnum. Einnig teljum við öryggismálum ferðamanna vera ábótavant á svæðinu en rétt austan við Víti er borteigur og þar er stór borhola látin blása af og til. Lokun vegarins er skýr en lítið um leiðbeiningar til gangandi vegfarenda.

Við Leirhnjúk er stærra bílastæði og salernisaðstaða. Bílastæðið er oft fullt og skipulag óljóst eða lítið. Við þekkjum ekki vel til stíga við Leirhnjúk en samkvæmt upplýsingum sem við höfum eru þeir mjög illa farnir og tréþallar sem fólk gengur (eða gekk) eftir séu víða brotnir. Einnig lætur það hraunsins mjög á sjá vegna óskipulagðar umferðar upp á hraunjaðarinn.

Talsvert rusl berst frá bílastæðunum og liggur á víð og dreif í kring, oft í nokkurri fjarlægð frá stæðunum.

Greinilegt er að lítil sem engin umsjón er með Víti og Leirhnjúkssvæðinu. Svæðið er illa skipulagt, viðhald á þeim mannvirkjum sem þó var búið að koma upp á svæðinu er ekkert og svæðið því alls ekki í stakk búið til að taka á móti þeim mikla ferðamannafjölda sem leggur leið sína um það. Skipuleggja þarf svæðið betur og hafa þar daglega umsjón s.s.:

- Hafa stórt og sameiginlegt bílastæði fyrir bæði svæðin, þ.e. Víti og Leirhnjúk.
- Afmarka, byggja upp og merkja gönguleiðir betur.
- Bjóða upp á grunnþjónustu s.s. salernisaðstöðu, upplýsingagjöf og fræðslu til gesta, m.a. um öryggismál.
- Koma upp góðum upplýsinga- og fræðsluskiltum með kortum og nauðsynlegum upplýsingum um náttúruvernd og öryggismál.
- Hafa daglega viðveru og öfluga landvörslu á svæðinu sem sinnir nauðsynlegu viðhaldi, þjónustu, lifandi upplýsingagjöf og fræðslu. Bæði á afmörkuðum bílastæðum og á gönguleiðum.

Bílastæði og göngusvæði við Hveri þarf að skipuleggja miklu betur og gera auknar verndar- og öryggisráðstafanir.

SNS tekur ekki sérstaka afstöðu til hvort loka eigi svæðunum en ljóst er að náttúra þeirra verður fyrir miklum skaða vegna skipulags- og aðgerðarleysis á svæðinu.

Vegna náttúruverndargildis svæðanna; s.s. hverasvæði, sprengigígur, nýtt eldhraun og fleira, ætti að friðlýsa svæðin og hugsanlega koma þeim í daglega umsjón Umhverfisstofnunar sem hefði frumkvæði að því að endurskipuleggja svæðið í samstarfi við sveitarfélagið, landeigendur og Landsvirkjun og sjá um nauðsynlegar verndarráðstafanir, uppbygginu, öryggismál (m.a. í samstarfi við Landsvirkjun), eftirlit og fræðslu.

Virðingarfyllst, f.h. Samtaka náttúrustofa



Kristín Ágústsdóttir formaður SNS árið 2017